

Ályktun héraðsfundar Reykjavíkuprófastsdæmis eystra til kirkjuþings.

Auka héraðsfundur Reykjavíkuprófastsdæmis eystra haldinn í Breiðholtskirkju
22. október 2025 brýnir fyrir kirkjuþingi að leiðrétta misvægi atkvæða meðal
sóknarbarna í Þjóðkirkjunni.

Á þeim tæpu tuttugu árum frá því að fyrirkomulagi um kirkjuþing var breytt hefur mikið
fjölgað í Reykjavíkuprófastsdæmi eystra, langt umfram önnur kjördæmi Þjóðkirkjunnar og
fyrirséð að sú þróun haldi áfram. Í viðauka, við skýrslu kirkjuþings, *Um kosti þess og galla að
rýmka ákvæði starfsreglna um kosningarétt við kjör til kirkjuþings og kosningu biskups* segir
sérfræðingurinn Davíð Þór Björgvinsson: „... ljóst er að breytingar þurfa að taka mið af því
að ná sem jöfnustu vægi atkvæða. Við kosningar til Alþingis má segja að þolmörkin hafi
verið sett við 100%, þ.e. að vægi atkvæða í einu kjördæmi geti orðið allt að tvöfalt miðað við
þar sem það er minnst. Þetta er þó vafalaust mjög umdeilt og að margra áliti allt of mikið.“

Héraðsfundur bendir á að vægi atkvæða í Þjóðkirkjunni verður langt yfir þessu viðmiði í
þeim tillögum sem nú liggja fyrir kirkjuþingi eða 504% miðað við tölur frá 1. des. 2024 og
mun áfram aukast á næstu árum miðað við mannfjöldaspár.

Það stangast á við ákvæði Þjóðkirkjulaganna um jafnræði í starfsháttum að innan sama
sveitarfélags, Reykjavíkur, séu þingmenn á kirkjuþingi ýmist með 6326 Þjóðkirkjumeðlimi
(Rvk. vestra) að baki sér eða 9516 (Rvk. eystra) eins og raunin er með kirkjuþing.

Héraðsfundur ítrekar fyrri ályktun sína frá héraðsfundi í maí og brýnir fyrir kirkjuþingi að
hafa jafnræði að leiðarljósi eins og Þjóðkirkjulögin kveða á um.